



## Samantekt

Í starfi safnsins ávannst ýmislegt mikilvægt á árinu. Í krafti verkefnastyrks Sóknaráætlunar Suðurnesja var unnið skipulega að söfnun varnarliðseigna og grunnur sýningar um sögu varnarliðsins styrkist um leið. Hundruðir muna og gripa tengdir þessari sögu hafa verið skráðir í safnkostinn í framhaldinu.

Í tengslum við verkefnið ritun á sögu Keflavíkur 1949-1994 voru þúsundir ljósmynda safnsins valdar, skannaðar og skráðar og undirbúnar fyrir væntanlegan ljósmyndavef og söguvef.

Tvær nýjar sýningar voru opnaðar, ein í Gryfjunni og ein í Stofunni, sem hlutu góðar viðtökur. Þá var haldin vel heppnuð móttaka gesta í Ramma á Safnahelgi á Suðurnesjum.

Mikilvægt starf var unnið varðandi endurskipulagningu á húsnæði Safnamiðstöðvarinnar í Ramma og lagður grunnur að framtíðar stefnumótun varðandi notkun á safnahúsum bæjarins.

En þrátt fyrir góðan árangur á síðasta ári er ljóst að brýn þörf er á að ráða fleiri fastráðna starfsmenn að safninu í ljósi þeirra stóru verkefna sem Byggðasafnið þarf nauðsynlega að ráðast í.

## Starfsemi

Hlutverk Byggðasafnsins er að sinna sögu og menningu sveitarfélagsins með því að safna, varðveita, skrá og rannsaka sögulega muni og minjar. Jafnframt að miðla vitneskju um söguna og safnkostinn og veita almenningi aðgang að honum.

## Starfsfólk

Á síðasta ári voru tveir fastráðnir starfsmenn í fullu starfi: Eiríkur P. Jörundsson safnstjóri og Haraldur Haraldsson safnvörður.

Hulda Björk Þorkelsdóttir vann sem verktaki við frágang á skjalasafni Byggðasafns og einkaskjalasafni á fyrri hluta ársins, auk þess að aðstoða við skráningu muna og mynda í Sarp. Á seinni hluta ársins vann hún ásamt Oddgeiri Karlssyni ljósmyndara að skönnun og skráningu á ljósmyndum í tengslum við verkefni um ritun sögu Keflavíkur 1949 - 1994.

Þá var Helgi Biering þjóðfræðingur verkefnaráðinn í sjö mánuði af árinu vegna átakssöfnunar á varnarliðsminjum, auk þess að vinna að undirbúningi og uppsetningu sýninga og verkefnum tengdum safnkosti Byggðasafnsins.

## Rekstur

Ársvelta 2019 61.723.102

Tekjur:

Styrkir og sértekjur: 9.436.600

Framlag Reykjanesbæjar: 52.287.102

Útgjöld:

Laun og launatengd gjöld: 20.726.626

Húsnæðiskostnaður: 26.407.282

Sértækur rekstur safns: 10.109.880

Almennur rekstur: 4.479.314

## Sérstök verkefni

### Hús safnsins

Á árinu hófst vinna við mat og endurskoðun á framtíðar hlutverkum þeirra húsa sem eru í eigu og/eða í umsjón safna bæjarins. Markmiðið er að leggja fram á árinu 2020 framtíðarstefnumótun við uppbyggingu menningarhúsa og sögutengdra svæða bæjarins. Þar er einkum um að ræða húsin Innri-Njarðvík, Stekkjarkot, Ramma, Vatnsnes og Duus hús.

### Skipuleg söfnun Varnarliðminja

Helgi Biering þjóðfræðingur var verkefnaráðinn til þess að safna munum og minjum sem tengjast veru varnarliðsins á Íslandi. Hann setti sig í samband við ýmsa safnara og fyrirtæki í Reykjanesbæ og kynnti þeim verkefnið. Viðbrögðin voru framar vonum. Á árinu 2019 voru skráðir inn 292 munir sem tengjast veru varnarliðsins á einn eða annan hátt. Að auki bárust í hús á annað hundrað muna sem biðu skráningar um áramótin.



Til gamans má geta þess að fimm af þessum gripum vigta samtals 99,14 tonn, en það eru fjórar slökkviliðsbifreiðar og einn snjóblásari. Blásarinn verður 40 ára gamall á þessu ári.

Þá var Byggðasafninu afhent forláta píanó sem flutt var inn af breska hernámliðinu 1941 og var notað um langt árabil í Officeraklúbbnum á Keflavíkurflugvelli.

Einnig barst tilkynning frá Landhelgisgæslu Íslands um að þaðan muni bráðlega koma merkir gripir frá tímum varnarliðsins.

Undir lok ársins hófust viðræður við Isavia um samstarfssamning vegna átaksins og undirbúnings að veglegri sýningu um sögu Varnarliðsins og samskipti þess við heimamenn.



## Sýningar og miðlun

Ljósmyndayningin **Fólk í kaupstað** var opnuð 15. febrúar.

Sýningin var önnur sýnings safnsnis sem sett var upp í tilefni þess að 40 ár voru liðin frá formlegri stofnun sameiginlegs byggðasafns Keflavíkur og Njarðvíkur. Árið 2019 voru jafnframt liðin 75 ár frá því að Ungmennafélagið setti á stofn Byggðasafn Keflavíkur þann 17. júní 1944 og 70 ár liðin frá því að Keflavíkurbær varð kaupstaður árið 1949. Á sýningunni var örlítið sýnishorn af ljósmyndum í eigu Byggðasafnsins og var þema sýningarinnar fólk og fjölbreytt mannlíf í kaupstaðnum Keflavík og nágrennabænum Njarðvík á árunum 1944 til 1994.

Sýningarstjóri var Eiríkur P. Jörundsson og í sýningarnefnd sátu Oddgeir Karlsson, Hulda Björk Porkelsdóttir og Haraldur Haraldsson.



**Varnarlið í verstöð** var opnuð í Gryfjunni 31. maí.

Í miðri síðari heimsstyrjöld hófst nýr kafli í sögu Suðurnesja sem markað hefur djúp spor. Hermenn streymdu að og stórvirkar vélar og tæki hófu framkvæmdir við herflugvelli og braggahverfi risu ógnarhratt í næsta nágrenni við fiskibæina. Stríðið var komið til aldagamalla verstöðva Suðurnesja án þess að íbúarnir fengju nokkru um það ráðið.

Ólíkt því sem gerðist á öðrum stöðum landsins, þar sem reistar voru herstöðvar á stríðsárunum, lauk þessari sögu ekki við stríðslok. Aðeins fáeinum árum eftir að friður komst á tók við nýtt stríð; Kalda stríðið. Árið 1951 kom bandarískt herlið á ný til Suðurnesja, Varnarliðið svonefnda, og stóð vaktina í Norðurhöfum til ársins 2006. Saga Varnarliðsins og samskipti þess við heimamenn er afar merkileg og einstök í sögu landsins. Nábyli erlendar herstöðvar við fornar verstöðvar, þar sem allt hafði snúist um fiskveiðar frá upphafi landnáms, breytti mörgu í atvinnulífi, mannlífi og menningu á þessu tímabili sem spannar hátt í heila öld. Og er ekki lokið, því áhrif Keflavíkurlugvallar eru ennþá gríðarlega mikil á svæðinu, en flugvöllurinn á rætur sínar að rekja til komu herjanna um miðja síðustu öld.

Uppsetning sýningarinnar var hluti af verkefninu um söfnun varnarliðsmuna og naut styrks frá Uppbyggingarsjóði Suðurnesja.

Sýningarstjóri og hönnuður var Eiríkur P. Jörundsson.

**VARNARLIÐ Í VERSTÖÐ** 

**DEFENSE FORCE IN A FISHING STATION**

Saga Varnarliðsins og samskipti þess við heimamenn er bæði merkileg og einstök í sögu Suðurnesja og landsins í heild. Nábyli herstöðvar við fornar verstöðvar, þar sem allt hafði snúist um fiskveiðar frá upphafi landnáms, breytti mörgu í atvinnulífi, mannlífi og menningu á þessum áratugum.

The story of the Defense Force in Iceland and its interactions with local inhabitants is both interesting and unique in Icelandic history. A foreign military station placed beside old fishing stations changed many things for decades concerning employment, daily lives and culture.



## Safnahelgi á Suðurnesjum

Í mars var haldin Safnahelgi á Suðurnesjum. Þá var m.a. opið hús í Safnamiðstöðinn í Ramma og gestum og gangandi boðið að ganga um veglegar geymslur safna Reykjanesbæjar og jafnframt að skoða sýningu Slökkminjasafnsins. Að auki var sett upp sýning á hluta af **Leikfangasafni Helgu Ingólfsdóttur**, sem er afar viðamikil og allt í varðveislu Byggðasafnsins. Vakti opna húsið ásamt sýningu á leikföngunum og Slökkviminjasafninu mikla og jákvæða athygli. Samkvæmt talningu voru gestir sem heimsóttu Safnamiðstöðina í Rammanum um 3.200, sem er metaðsókn á þessari helgi.

## Sýningar í öðrum húsum Byggðasafns

Í Víkingaheimum stendur sýning safnsins á fornleifum af svæðinu óbreytt frá fyrri árum.

Grunnsýning safnsins, *Þyrping verður að þorpi*, á miðlofti Bryggjuhússins stóð óbreytt að mestu, en engar fregnir eða upplýsingar hafa borist varðandi það hvenær bætt verði úr aðgengi að sýningunni. Auk þess er ljóst að sýningaraðstaðan á miðloftinu fullnægir ekki nútíma kröfum sem gera verður til grunnsýninga safna. Salurinn er safngripur í sjálfu sér og frábær sem slíkur en myndi henta betur undir léttari skammtímasýningar og viðburði.

Sýningarnar í Stekkjarkoti og Innri-Njarðvíkurhúsinu voru óhreyfðar en bæði húsin eru opin samkvæmt samkomulagi. Stekkjarkotið var vel notað af leikskólum og yngri grunskólanemendum. Ekki hefur fengist fjármagn til að hafa þessi hús opin að staðaldri með auglýstum opnunatíma. Brýnt er að staða húsanna verði skoðuð betur og hvernig hugsanlega má skipuleggja rekstur þeirra og viðhald. Ástand sýningarinnar er slæmt og í raun þyrfti að tæma húsið af safnkosti og um leið að meta ástand muna og ljósmynda. Í framhaldinu þarf að ákveða hvaða hlutverki húsið á að gegna til framtíðar.

## Safnfræðsla

Leikskólum var kynnt þjónusta vegna þorrans í Stekkjarkoti og lét safnið útbúa svonefndar þorrakistur með munum úr eldri tíð sem minna á þorrann og hjálpa til við að fræða ungvíðið um söguna. Nokkrir leikskólahópar fengu lánaðar þorrakistur og heimsóttu Stekkjarkot. Leikskólahópum var boðið í heimsókn í húsið í Innri-Njarðvík í tegnslum við þorrann og komu þangað 4 hópar, eða um 70 börn.

Byggðasafnið tók þátt í uppsetningu á jólasýningu í Stofunni, þar sem jólahaldi í eldri tíð var gerð skil og gömlu jólasveinunum. Byggðasafnið bauð leikskólahópum sérstaka leiðsögn á sýninguna og þáðu 6 hópar boðið og var heildarfjöldi barna um 120.

## Gestafjöldi

Heildarfjöldi gesta í Duus Safnahús á liðnu ári var 25.268, sem er talsverð fækkun frá árinu 2108 þegar heildarfjöldi gesta var 31.845. Innlendir gestir á eigin vegum voru 22.287, þar af voru gestir Ljósanætur um 13.500. Erlendir ferðamenn á eigin vegum voru alls 3.870.

## Vefur og útgáfa

Á vefsíðu safnsins er að finna öll grunnskjölin safnsins, upplýsingar um sýningar á vegum þess og tilvísanir í nánara efni. Á síðasta ári voru birtar 14 fréttir á vefnum auk 15 færslna á fésbókarsíðu safnsins. Vefurinn og fésbókarsíðan voru notuð til að kynna starfsemina, safngripi og myndir úr myndasafni, og voru reglulega settar inn myndir af þeim, 4 í senn. Þá eru viðburðir á vegum safnsins auglýstir þar en einnig með útsendum boðskortum.

## Munasafn

Heildarfjöldi færslna í safnaskrá 31. desember 2018 var 17.053 og er það fjölgun um 803 færslur á milli ára. Nýskráningar í munasafn voru 753, sem er talsverð aukning á milli ára en árið 2018 voru nýskráningar 388. Munar þar mestu um skráningar vegna söfnunar varnarliðsmuna. Önnur fjölgun skýrist af endurskráningu eldri muna.

Vinna við ljósmyndun muna vegna skráningar hélt áfram á árinu. Alls voru myndaðir 1.303 munir á alls 57 dögum. Í lok ársins var búið að mynda 13.188 af þeim 17.053 munum sem skráðir hafa verið í varðveislu Byggðasafnsins. Öll ný aðföng sem berast safninu eru mynduð um leið og skráning fer fram, þannig að ekkert safnast upp og stýttist óðum í að lokið verði við að mynda allan safnkostinn.

Á árinu voru færðar 3.941 mynd yfir í Sarp og hefur þeirri vinnu miðað mun betur eftir að Safnamiðstöðin í Ramma var tengd við ljósleiðara á árinu.

Á árinu 2019 tók byggðasafnið einnig á móti merkilegum munum sem tengjast strandinu á Jamestown árið 1881. Má þar m.a. nefna spilvindu sem var um borð í skipinu og bjargað var fyrir nokkrum árum af hafsbotni. Gripirnir voru til sýnis í og við samkomuhúsið í Höfnum yfir Ljósanæturhelgina og í framhaldi af því var Byggðasafninu færðir munir og sýningarspjöld til varðveislu. Helgi Biering bjó spilið til sýningar á þann hátt að menn geta gert sér í hugarlund stærð þess og lögun.

Helgi sinnti jafnframt yfirferð og endurskoðun á skráningu gamalla muna hjá safninu. Þar komu fram ýmsir merkir munir, þar á meðal gamla stundaklukkan úr Keflavíkirkirkju. Ein af skífum hennar var sett upp á sýningu í Gryfjunni á árinu, ásamt hluta gangverks klukkunnar. Slíkar yfirferðir skráninga eru fastur liður í rekstri og umsjón safnkostsins. Hluti þess háttar vinnu er að forverja það sem þess þarf og gera safngripi sýningarhæfa á þann hátt að auðvelt sé að setja þá á sýningu með stuttum fyrirvara.

## Ljósmyndasafn

Byggðasafnið býr yfir viðamiklu ljósmyndasafni sem skipt er í þrjú söfn; almennt safn ljósmynda, filmusafn Heimis Stígssonar og hreyfimyndasafn Viðars Oddgeirssonar.

Á síðustu fjórum mánuðum 2019 var unnið að skönnun mynda úr almenna safninu og filmusafni Heimis í tengslum við verkefnið um ritun sögu Keflavíkur 1949 til 1994, sem einnig miðar að því að koma upp langþráðum og mikilvægum ljósmyndavef í tengslum við fyrirhugaðan söguvef. Þessi vinna var unnin af Oddgeiri Karlssyni ljósmyndara og Huldu Þorkeldsdóttur bókasafnsfræðingi, enda er afar mikilvægt að þessi vinna sé unnin af fagfólki.

Ríflega 4.600 myndir voru valdar, skannaðar inn og skráðar. Þar af 3.272 myndir úr safni Heimis Stígssonar og flestar úr filmusafni sem ekki hefur verið sýnilegt fram að þessu. Þá voru skannaðar og skráðar inn 1.399 myndir úr almenna myndasafninu. Einnig var unnið að undirbúningi að opnun nýs

Ljósmyndavefs og möguleikar kannaðir í því skyni, þ.e. hvaða leið sé heppilegust, og standa vonir til að hægt verði að kynna og setja af stað nýjan ljósmyndavef Byggðasafnsins á árinu 2020.

Áríðandi er að halda áfram vinnu við að skanna inn fleiri myndir og koma safninu í réttar umbúðir fyrir langtíma varðveislu og veruleg þörf er á að fastráða starfsmann í fullt starf hjá Byggðasafninu til að sinna ljósmyndasöfnunum, bæði þeim sem eru fyrir hendi hjá safninu og einnig að kalla inn fjölda safna og mynda í eigu einstaklinga, fyrirtækja og félagasamtaka í bæjarfélaginu.

Hreyfimyndasafn Viðars Oddgeirssonar er ennþá í alvarlegri stöðu eftir skyndilegt fráfall Viðars. Fyrirverandi safnstjóri kynnti þá stöðu til yfirstjórnar bæjarins og átti viðræður við Kvikmyndasafn Íslands um að taka safnið til varðveislu. Engar ákvarðanir hafa verið teknar um framtíð safnsins.

### **Skjalasafn Reykjanesbæjar og einkaskjalasafn Byggðasafnsins**

Á fyrri hluta ársins var haldið áfram að ganga frá einkaskjalasöfnum sem tilheyra Byggðasafninu. Þau hafa verið tekin úr möppum og sett í skjalaöskjur, útbúin skjalaskrá og söfnin skráð í einkaskjalasafn.is. Hulda Björk Þorkelsdóttir hefur sinnt þessari vinnu sem verktaki.



## Lokaorð

Óhætt er að fullyrða að miðað við fjölda starfsmanna og fjárhagsleg úrræði hafi starfsemi Byggðasafnsins verið býsna lífleg á árinu og margt áunnist. Safnið býr að veglegum safnkosti, bæði munum og myndum, sem er hýstur í rúmgóðu húsnæði í Safnamiðstöðinni í Ramma. Varðveisluhluti starfsins er þannig í ágætis málum, en enn og aftur skal ítrekað að brýn nauðsyn er á starfsmanni til að sinna ljósmyndasöfnum Byggðasafnsins. Vonandi rætist úr því sem fyrst.

Á árinu var unnið markvisst að söfnun og skráningu á munum og myndum sem tengjast sögu Varnarliðsins á Miðnesheiði. Þeirri vinnu er ætlað að byggja undir metnaðarfulla sýningu um þessa einstöku og merku sögu þessa héraðs.

Að viðburðaríku ári loknu er því horft með bjartsýni til nýrra tíma og verkefna, enda úr miklu að móða og mörgu hægt að áorka, fáist til þess mannskapur og fjármunir.



24. febrúar 2020

Eiríkur P. Jörundsson  
safnstjóri  
Byggðasafns Reykjanesbæjar